

## **Starfandi nefndir á vegum DSÍ.**

Þrjú höfuðmarkmið gilda um allar starfandi nefndir innan DSÍ sem stjórn skipar:

1. Nefndir hafa tillögurétt en stjórn DSÍ hefur ákvörðunarrétt.
2. Nefndir mega ekki stofna til skulda.
3. Nefndir skulu halda fundi reglulega og rita fundargerð sem berast skal til stjórnar og skulu þær varðveittar á skrifstofu DSÍ.

## **Reglur fyrir uppstillinganefnd DSÍ.**

1.grein.

Stjórn DSÍ skal skipa þriggja manna uppstillinganefnd, þar af einn formann nefndarinnar.

2.grein.

Formaður DSÍ kallar nefndina saman í tíma fyrir boðað þing DSÍ í samræmi við ákvæði laga sambandsins.

3.grein.

Hlutverk nefndarinnar er þrjúþætt :

- a) Kanna hug sitjandi stjórnarmanna til áframhaldandi setu.
- b) Auglýsa eftir frambjóðendum meðal aðildarféлага í samvinnu með framkvæmdastjóra DSÍ og taka á móti framboðum sem berast. Nefndin þarf að tryggja að framboð í öll embætti sem kosið skal í hafi komið fram fyrir þingið.
- c) Nefndarformaður kynnir niðurstöðu nefndarinnar á þingi DSÍ og stýrir kosningu í samstarfi við þingforseta

4.grein.

Áður en nefndin leggur fram tillögur um frambjóðendur sem hún hefur fengið skal liggja fyrir samþykki viðkomandi einstaklinga. Ef aðili dregur framboð sitt til baka, eða forfallast ber uppstillinganefnd að tryggja að nýtt framboð berist sé ekki nægilegur fjöldi frambjóðenda eftir.

5.grein.

Uppstillingarnefnd skal boðuð til þings og hafa nefndarmenn málfrelsi og tillögurétt þó þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Uppstillingarnefnd skilar lista með öllum nöfnum frambjóðenda í kjöri eigi síðar en viku fyrir þing til stjórnar DSÍ og til annarra sem í framboði eru.

Samþykkt á stjórnarfundi 20.mars2016

